

Verðtilfærslusjóður SAM 2010

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara er tvískipt. Annars vegar er lögbundin verðtilfærsla samkvæmt lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla er í forsjá Bændasamtakanna og er gerður sérstakur ársreikningur vegna hennar. Framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs er í höndum SAM samkvæmt verkaskiptasamningi sem gerður var milli BÍ og SAM, en sú ráðstöfun byggir á heimildum laga. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóði SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólaléttmjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM árin 2010 og 2009:

	2010	%	2009	%
Inngreiðslur:				
Yfirfært frá fyrra ári	51.762.169	15,80%	63.099.263	18,31%
Innheimt verðtilfærsla	275.831.114	84,20%	281.602.209	81,69%
Samtals til ráðstöfunar	327.593.283	100,00%	344.701.472	100,00%
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	115.450.711	39,89%	123.652.958	42,21%
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	147.174.994	50,86%	142.994.079	48,81%
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	22.624.026	7,82%	22.055.759	7,53%
Annað	4.137.467	1,43%	4.236.507	1,45%
Samtals ráðstafað	289.387.198	100,00%	292.939.303	100,00%
Afgangur fært til næsta árs	38.206.085		51.762.169	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð minni árið 2010 en árið 2009 vegna minni sölu á vörum sem greiða til sjóðsins. Útgjöld sjóðsins voru um 13,5 milljónum króna hærrí en tekjur hans. Inneign sjóðsins hjá SAM í lok árs 2010 var 38,2 milljónir króna.